**18. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 28. september 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**
Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

1. **1405059 - Deilisk. - Dalbraut-Þjóðbraut, Dalbraut 6**

   Tillögur kynntar.

   *Tillaga kynnt m.t.t. hæðasetningar húsa á reitnum.*

2. **1508104 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áfangi breyting á deiliskipulagi**

   Bréf dags. 14. sept. 2015 frá eigendum fasteigna við Baugalund.

   *Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárlið.*
   *Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomnar athugasemdir og felur sviðsstjóra að ræða við hlutaðeigandi.*

3. **1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8B**

   Helgi Már Halldórsson hjá Ask arkitektum, f.h. HB Granda sækir um deiliskipulagsbreytingu sbr. deiliskipulagsuppdrátt dags. 22.9.2015 á deiliskipulagi Breiðarsvæðis. Breytingin felst í því að HB Grandi áformar að sameina og stækka starfsemi fiskþurrkunar félagsins við Breiðargötu.

   *Skipulags- og umhverfisráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.*

4. **1507088 - Deilisk. - Krókatún - Vesturgata**

   Auglýsingatíma lokið.

   *Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 12. ágúst til og með 27. sept. 2015. Engar athugasemdir bárust.*

   *Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagtillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til umsagnar.*

5. **1504030 - Baugalundur 20, byggingarleyfi nýbygging**

   Breyting á byggingarreit.

   *Lóðarhafi óskaði eftir að breyta bindandi byggingarlínu til samræmis við næsta hús. Grenndarkynningarbréf voru send samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nágrannar voru samþykkir þessari breytingu.*
   *Skipulags og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og auglýst í B-deild stjórnartíðinda.*

EB

6. **1411071 - Framkvæmdaáætlun 2015 - ráðstöfun fjármuna**

Endurskoðuð framkvæmdaáætlun lögð fram.

*Farið yfir drög að endurskoðaðri áætlutn.*

7. **1506064 - Skipulags- og umhverfissvið - fjárhagsáætlun 2016**

Drög að framkvæmdaráætlun 2016 lögð fram.

*Farið yfir drög að áætlun 2016.*

8. **1508105 - Reglur um umgengni á lóðum**

Bréf Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 8. sept. 2015.

*Fyrir liggur álit heilbrigðisnefndar Vesturlands. Fram komu nokkrar ábendingar við reglurnar sem tekið hefur verið tillit til. Skipulags-og umhverfisráð samþykkir að vísa reglunum til afgreiðslu í bæjarstjórn.*

9. **1509147 - Snjómokstur og hálkueyðing - 2015**

Staða máls kynnt.

*Sviðsstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins.*

10. **1509263 - IX Umhverfisþing 9. október 2015**

Fundarboð Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á umhverfisþing sem haldið verður 9. okt. 2015.

*Málið kynnt.*

11. **1507053 - Malbiksyfirlagnir 2015**

Opnuð tilboð í malbiksyfirlögn 2015.

*Eitt tilboð barst frá Hlaðbæ-Colas að upphæð kr. 25.505.040*
*Kostnaðaráætlun var kr. 22.696.000*

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að semja við Hlaðbæ-Colas um verkið.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:10.**

Einar Brandsson

Rakel Óskarsdóttir

Karitas Jónsdóttir

Valgarður L. J.

Kristín Sigurgeirsdóttir

Sig. P. H.